

Fundargerð 102. fundar.

102. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn á Jötunheimum, fundasal Skátafélagsins Vífils að Bæjarbraut 7 í Garðabæ milli kl. 14 og 16 þann 20. febrúar 2014.

Fundurinn bar yfirskriftina:

„Hugarflugsfundur um gjörð nýrrar heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins”.

Eftirfarandi sátu fundinn:

Frá HHK Guðmundur H. Einarsson, Tore Skjenstad og Páll Stefánsson
Frá HER Árný Sigurðardóttir, Rósa Magnúsdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson
Frá HKJ Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson

Sérstakir gestir voru:

Frá Reykjavík Þórólfur Jónsson, Hrönn Hrafnisdóttir og Snorri Sigurðsson
Frá Mosfellsbæ Tómas G. Gíslason
Frá Kópavogi Bjarki Valberg

Þá sat fundinn Jóna Bjarnadóttir frá verkfræðistofunni Mannviti. JB starfar sem ráðgjafi stýrihóps við heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

Dagskrá:

Guðmundur H. Einarsson formaður framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu bauð fundarmenn velkomna. Bauð hann síðan Jónu Bjarnadóttur að stýra fundinum.

Efni hugarflugsfundar

Guðmundur gerði grein fyrir tilurð fundarins og innleiddi umræðuna með því að fara yfir helstu málaflokka gildandi heilbrigðissamþykktar og varpaði fram spurningum um hvort breytinga væri þörf.

Frammi lágu drög að tillögu að nýju svæðaskipulagi vatnsverndar sem stýrihópur á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið að.

Góð og almenn þátttaka var á fundinum og það sem þar kom fram verður gott veganesti við frekari vinnu við gerð nýrrar samþykktar.

Kl. 15.45 sleit Guðmundur fundi eftir árangursríkar umræður

Jóna Bjarnadóttir vann samantekt frá umræðunni sem send var fundarmönnum og fylgir hún fundargerð þessari.

PS.